

Efnaeiming ehf.
Völuteig 8
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 6. desember 2022
UST202202-359/K.K.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. nóvember 2022 – Efnaeiming ehf

Þann 9. nóvember 2022 fór fram eftirlit í Efnaeimingu að Iðngarði 8 í Garði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en þrjú frávík komu fram er varða:

1. mgr. 6. gr laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-IV, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann skráður. Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða.
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Engin slík skýrsla hefur borist fyrir árið 2021.
3. Gr. 5.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa grænt bókhald, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald og skila árlega til útgefanda starfsleyfis. Grænt bókhald fyrir árið 2021 barst stofnuninni ekki fyrir 1. maí 2022. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun 20. júní 2022 og **telst frávíkinu því lokið.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer
Sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
Lögfræðingur